

Ad.

302. Breytingartillögur

við frv. til laga um læknaskipun í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jón Baldvinsson og Magnús Jónsson.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Auk hjeraðslæknis skal í Reykjavík skipa bæjarlækni.

2. Við 2. gr.

Fyrri málsgrein orðist svo:

Bæjarlæknir skal hafa á hendi framkvæmd laga um varnir gegn berklaveiki, annast ráðstafanir gegn innlendum næmum sjúkdómum, taka sæti í heilbrigðisnefnd bæjarins í stað hjeraðslæknis og vera ráðunautur bæjarstjórnar um heilbrigðismál.

3. Við 3. gr.

Greinin falli burt.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

4. Við 4. gr.

Greinin orðist svo:

Bæjarlæknir skal taka laun úr ríkissjóði, og verða þau ákveðin í lögum um laun embættismanna.

5. Við 5. gr.

Í stað orðanna »þessara embættismanna« komi:

þessa embættismanns.